

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, mánudaginn 17. mars 2014 á Kjóavöllum.

## 1. fundur

Fundur hófst kl. 18:05

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hannes Hjartarson, Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdóttir, Sigurður Halldórsson og Lárus Finnbogason. Einnig sat fundinn Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir framkv.stjóri félagsins.

1. Nýkjörinn formaður stjórnar Sprettis, Linda Gunnlaugsdóttir setti fundinn og tók fyrir skiptingu verkefna stjórnar, þ.e. kosning varaformanns, gjaldkera og ritara; Hermann Vilmundarson var kosinn varaformaður stjórnar, Lárus Finnbogason sem gjaldkeri og Kristín Njálisdóttir ritari stjórnar.
2. Fastir fundardagar; Tillaga formanns um fasta fundardaga stjórnar á þriðjudögum kl. 18:05 var samþykkt. Einnig samþykkt að stjórnarfundir standi að hámarki yfir í 1-1 ½ tíma.
3. Reiðhöllin - staða á verkefnum.
  - a. Hljóðkerfi; er á áætlun, væntanlega klárt fyrir næstu helgi
  - b. Frágangur utanhúss; Verið að gera áætlun, kynnt á næstunni
  - c. Gardínur; Ekki búið að panta gardínur enn Sigurlaug er að skoða efni ásamt innanhúsarkitekt samþykkt að þrýsta á verkið eins og hægt er og ganga frá sem fyrst.
  - d. Frágangur í eldhúsi. Samþykkt að óska eftir tillögum frá kvennadeild félagsins um hvernig best er að klára frágang í eldhúsi. Mikilvægt að koma þeirri aðstöðu í gott stand þannig að hægt verði t.d. að koma fyrir leirtaui og fl.
  - e. Tiltekt í höllinni; Mikilvægt er að fara sem fyrst í almenna tiltekt í höllinni og fjarlægja allt óþarfa dót sem safnast hefur fyrir. Þá þarf að sjá til þess að lakka yfir rekkverkið og pallana.
4. Félagsgjöldin 2014; Lárus, nýkjörinn gjaldkeri stjórnar, setur sig í samband við fráfarandi gjaldkera Guðmund Hagalínsson og fær upplýsingar um framkvæmd.
5. Innheimta fyrir uppákomur sem fyrirhugaðar eru
  - a. Hvaða gjaldskrá er miðað við; Gerð tillaga að gjaldskrá.
  - b. Gjaldkeri sér til þess að útbúnir séu reikningar vegna leigu á höllinni.
6. Reiðskólamál.
  - a. 2-3 aðilar hafa hug á að reka reiðskóla á athafnasvæði Sprettis; Samþykkt að gera drög að samningum við þá aðila sem hafa hug á að reka reiðskóla á athafnasvæði Sprett á komandi sumri.
7. Hestadagar í viku 14 – 1. til 6. apríl 2014.
  - a. Setningahátíðarnefnd; Samþykkt að tilnefna Hermann í viðkomandi nefnd sem fulltrúa Hestamannafélagsins Sprettis.
  - b. Hestadaganefnd; Sigurlaug framkv.stj. er fulltrúi Sprettis í nefndinni.
  - c. Æskan og hesturinn; Halla María Þórðardóttir, Guðrún Jónsdóttir og Jóna Guðný Magnúsdóttir eru umsjónarmenn verkefnisins f.h. Sprettis á þessu ári.
  - d. Umsjón með verkefnum tengdum hestadögum
    - i. Skrautreið; Hermann hefur umsjón f.h. Sprettis
    - ii. Þjálfari fyrir Æskuna; Halla María Þórðardóttir hefur verið ráðin sem þjálfari hóps barna og unglinga frá Spretti fyrir sýninguna Æskan og hesturinn 2014.

- iii. Umsjón með atriðum á opnu húsi; Ákveðið að Sprettur verði við beiðni LH og verði með opið hús í reiðhöllinni 4. apríl kl. 17:00 til 19:00 í tengslum við hestadaga. Einnig ákveðið að Halla María Þórðardóttir hafi umsjón með atriðum því tengdu.
  - iv. Umsjón með að teyma undir börnum; Ekki verður boðið upp á þennan þátt að þessu sinni.
  - v. Umsjón með hesthúsum - opin hús; Ekki verður farið fram á það sérstaklega við félagsmenn að vera með opin hús þar sem ákveðið er að vera með opið hús í reiðhöllinni á sama tíma.
  - vi. Umsjón með súpu og veitingum á opnu húsi í reiðhöll verður í höndum Sigurlaugar framkvæmdastjóra félagsins ásamt með sjálfbóðaliðum, sér hún jafnframt um að hafa samband við ofantalda.
- e. Auglýsing í bæjarblöðum; Sigurlaug, framkv.stj. sér um að senda auglýsingar vegna þessa atburðar í bæjarblöðin hjá Garðabæ og Kópavogi. Hugmyndin er að bjóða bæjarbúa velkomna til að sjá og kynna sé aðstöðuna hjá Spretti og horfa á unga fólkið í félaginu sýna listir sínar í reiðmennsku ásamt því að gæða sér á kjötsúpu sem er í boði frá ORA.
8. Auglýsingaskilti – staða; Málinu frestað til næsta stjórnarfundar.
  9. Samningar við gos- og ölbirgja; Borist hafa tilboð frá bæði Vífilfelli og Ölgerðinni. Samþykkt að fela Sigurði Halldórs og Sigurlaugu að koma með tillögu að samningi við gos- og ölbirgja fyrir næsta stjórnarfund.
  10. Snertilyklakerfið;
    - a. Rætt um að koma kerfinu á sem fyrst og bjóða félagsmönnum upp á kaup á lykli sem veitir aðgang að reiðhöllum félagsins, þ.e. þrjú bíl í nýju reiðhöllinni og síðan í Andvarahöllinni. Félagið ábyrgist að félagsmenn komist ávallt að inn á einhvert þessara fjögurra svæða eftir kl. 14:00 virka daga vikunnar og um helgar allan daginn.
    - b. Verðhugmyndir; Samþykkt að selja lykla með aðgang að reiðhöllinni fyrir kr. 15.000.-
    - c. Gildistími; Tímabilið verði f.o.m. næstu helgi fram til 15. júní 2014.
  11. Skipulagsmál Kópavogsbæjar.
    - a. Hermann lagði fram teikningu frá Kópavogsbæ af hugmyndum þeirra að nýju skipulagi við reiðhöll Sprettis þar sem m.a. er gert ráð fyrir byggingu Áhaldahúss Kópavogsbæjar. Stjórnarmenn eru sammála um að mótmæla þessum áformum Kópavogsbæjar. Nauðsynlegt er að rætt verði við bæjaryfirvöld Garðabæjar og Kópavogsbæjar til þess að lenda málinu. Málið rætt á ný á næsta fundi stjórnar.
  12. Dómur Hæstaréttar vegna arktitektavinnu Sveins Ívarssonar; Linda upplýsti stjórnarmenn um að Hæstiréttur hafi staðfest dóm Héðraðsdóms og vísað málinu frá.
  13. Önnur mál.

Hermann kynnti tillögur frá reiðveganefnd félagsins varðandi vegvísa við reiðleiðir í Garðabæ og Kópavogi. Vegvísarnir eru settir upp á umferðarskiltastöng ásamt því að skiltaplata með reiðleiðarkortum úr sama efni verður felld að stönginni. Þetta er ákaflega smekklega uppsett. Stjórnarmenn fögnuðu þessu framtaki reiðveganefndar.

Kristín spurðist fyrir um bréf frá Hesthúsaeigendafélaginu á Kjávöllum (húseigendur nýbygginga við Magnúsarlund). Bréfið hafði verið sent fyrrverandi formanni en ekki verið

tekið fyrir í stjórn. Með bréfinu var óskað eftir því að stjórn Spretts tilnefndi fulltrúa í starfshóp með hesthúsaeigendafélaginu, Kópavogsbæ og Heilbrigðisyfirvöldum á svæðinu vegna fyrirkomulags taðlosunar frá þessum nýju húsum. Samþykkt að Hermann Vilmundarson verði fulltrúi stjórnar í starfshópnum. Þá verður Kristín einnig í starfshópnum f.h. Hesthúsaeigendafélagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir